

## Skattfrádráttur vegna aksturs til og frá vinnu

Í Danmörku, Noreguri og Svíþjóð geta einstaklingar dregið frá skattstofni kostnað við akstur til og frá vinnustað. Í DK og NO er um að ræða fasta tölu pr. kílómetra yfir tiltekinni lágmarksfjarlægð en í SE er miðað við raunveruleg útgjöld sem þurfa að miðast við ódýrustu almenningssamgöngur. Ef engar almenningssamgöngur er notað svipað kerfi og í DK, NO.

**Danska kerfið:**

Lágmarksvegalengd: 12 km hvora leið

Frádráttur: 44 isk/km umfram 24 km á dag.

**Norska kerfið**

Lágmarksvegalengd: 20 km hvora leið.

Frádráttur: 28 isk/km umfram 40 km á dag

**Sænska kerfið**

Kostnaður við notkun á ódýrustu almenningssamgöngum, ef kostnaðurinn fer yfir 125.000 isk/ári.

Ef almenningssamgöngur eru ekki til staðar má draga frá skattstofni 33 isk/km umfram 125.000 isk/ári

Í öllum löndum fá allir íbúar frádráttinn óháð búsetu. Í DK og NO skiptir ekki máli hvernig fólk ferðast t.d. hvor fólk notar eigin bíl, fær far, nýtir almenningssamgöngur osfr. en sænska kerfið er flóknara.

Viðbótarkostnaður vegna ferjuferða og veggjalda bætist telst til ferðakostnaðar.

Fólk þarf að gefa upp raunverulega vinnudaga - veikindadagar og frí dragast frá.

Í öllum tilvikum er um að ræða frádrátt frá skattstofni. Raunveruleg skattalækkun væri væntanlega um þriðjungur af þessum upphæðum.

DÆMI		Frádráttur af skattstofni		
Ferð	Vegalengd	DK	NO	SE
Flateyri-Ísafjörður	22	193.600	24.640	194.440
Þingeyri-Ísafjörður	49	716.320	357.280	586.480
Bíldudalur-Patreksfjörður	30	348.480	123.200	310.600
Búðardalur-Hólmavík	80	1.316.480	739.200	1.036.600
Raufarhöfn-Þórshöfn	67	1.064.800	579.040	847.840
Sauðárkrókur-Blönduós	47	677.600	332.640	557.440
Egilsstaðir-Reyðarfjörður	33	406.560	160.160	354.160

[ ATH. taflan er virk svo hægt er að breyta "vegalengd" ]

**Möguleg útfærsla á Íslandi**

Hérlendis væri ekki óeðlilegt að útfæra sambærilegt kerfi fyrir skilgreind varnarsvæði landsins.

Á þessum svæðum býr tiltölulega fátt fólk og því yrði heildarkostnaður ríkissjóðs takmarkaður.

Áhrifin kæmu fram í stækkun atvinnusóknarsvæða.

Hafi menn áhuga mætti einnig setja upp kerfi þar sem skattaafsláttur er veittur vegna búsetu langt frá skilgreindri opinberri þjónustu

22.jan. 2014. Torfi Jóhannesson

<http://www.skat.dk/SKAT.aspx?old=1988906>

<http://www.skatteverket.se/download/18.400023ac12df56d65d980006381/1302157925940/33032.pdf>

<http://www.skatteetaten.no/no/Radgiver/Rettskilder/Kunngjoringer/Skattetrekket-i-2012/>